



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 18. mars 2016.

Breytingar á reglugerðum KSÍ Aga-og úrskurðarmál og áfrýjunardómstóll KSÍ

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 10. mars s.l. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerðum KSÍ um aga-og úrskurðarmál KSÍ til samræmis við samþykktir 70. ársþings KSÍ 2016.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál

Á fundi sínum 10. mars samþykkti stjórn KSÍ ýmsar breytingar á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ný reglugerð með áunnum breytingum var samþykkt í heild sinni og er svohljóðandi:

REGLUGERÐ KSÍ um aga- og úrskurðarmál

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Gildissvið

1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 30. grein laga Knattspyrnusambands Íslands og samkvæmt agareglum FIFA (FIFA Disciplinary Code). Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema mál séu sérstaklega falið öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

2. gr.

Markmið

2.1. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál KSÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan KSÍ er varða agamál, sem aganefnd KSÍ fjallaði um áður, og kærur sem dómstóll KSÍ fjallaði um sem fyrsta dómstig, undir einn og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

3. gr.

Lögsaga og hlutverk

3.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ.

3.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðar í öllum agamálum KSÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í öllum kærú- og ágreiningsmálum, sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.

3.3. Nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt lögum KSÍ, reglugerð þessari og öðrum reglugerðum KSÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, milliliðum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Knattspyrnusambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum.

3.4. Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík og skal KSÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4.gr.

Skipan og hæfi

4.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.

4.2. Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrjú nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður. 4.3.

Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef:

4.3.1. Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.

4.3.2. Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.

4.3.3. Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.

4.3.4. Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

4.3.5. Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í 4.3.4.

4.3.6. Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í 4.3.4. 4.3.7. Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

4.4. Stjórn KSÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

II. kafli.

MÁLSMEDFERÐARREGLUR

5.gr.

Almennar málsmeðferðarreglur

5.1. Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt:

a) agamál

b) kærúmál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KSÍ.

5.2. Aga- og úrskurðarnefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku og skulu öll mál tekin fyrir á næsta fundi eftir að þau berast. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til úrlausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns, eða þegar mót eða úrslitakeppni margra liða er leikin á einni helgi.

5.3. Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum eða munnlegum athugasemdum frá Knattspyrnusambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað.

5.4. Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra KSÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

6.gr.

Agamál

6.1.

6.1.1. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ.

6.1.2. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

6.1.3 Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila.

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram.

Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

6.2.1 Þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun skal félag þess sem í hlut á fá senda skýrslu dómarans um brottvísunina næsta virka dag ef brottvísunin getur leitt til þyngingar, skv. starfsreglum aganefndar. Það sama á við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.

6.3. Almennt eru myndbandsupptökur ekki notaðar við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota, sbr. þó

6.1.3. Ef það er hins vegar mat nefndarinnar að fyrirbyggjandi gögn séu ófullnægjandi eða misvísandi sem grundvöllur er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur.

6.4. Nefndin skal verða við kröfu aðila um að málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar mál eru alvarlegs eðlis eða geta varðað viðurlögum, skv. grein 13.1.4. og 13.1.5. Skulu þau fara í flýtimeðferð, skv. grein 7.6. Slík krafa, sem þarf að vera skrifleg, skal berast nefndinni eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir næsta reglulega fund nefndarinnar. Í kröfu skal koma fram hvort aðili óski að koma á framfæri munnlegum athugasemdum við nefndina og skal hún þá verða við því.

Mál er fá kærumeðferð skv. framangreindu skulu fá sérstaka flýtimeðferð í því skyni að mögulegt leikbann geti verið samfelt.

Um áfrýjun fer skv. V. kafla.

7.gr.

Kærumál

7.1. Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins. Varnaraðili getur verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3.

Mál vegna greina 13.1.4 og 13.1.5, 14.2.3, 15 og 16 skv. reglugerð þessari skal fara með sem kærumál og skulu þau fá flýtimeðferð þegar við á. Meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd frestar ekki lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

7.2. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

7.2.1. Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang. 7.2.2. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.

7.2.3. Nafn fyrrsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.

7.2.4. Skýr kröfugerð.

7.2.5. Lýsing helstu málavaxta.

7.2.6. Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.

7.2.7. Lýsing á helstu röksemdum.

7.2.8. Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

7.2.9. Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

7.3. Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til efnislegrar meðferðar.

7.4. Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 7.2., eftir því sem við getur átt.

7.5. Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.

7.6. Telji dómformaður augljóst við skoðun á kærnu, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KSÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

8. gr.

Frestir

8.1. Kærur vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagur ekki taldir þar með. Berist kærán eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærúnni frá.

8.2. Ef skýrsla dómara/eða eftirlitsmanns berst ekki til aga- og úrskurðarnefndar innan 3 daga eða hún verið póstlögð næsta virka dag eftir að leikurinn fór fram, er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

8.3. Sé kærúmáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættá kærnu til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagur skulu ekki taldir með.

III. kafli.

ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR

9. gr.

Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

9.1. Úrskurði nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.

9.2. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka hins vegar gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi, nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða. Úrskurður um þyngri refsingu vegna brottvísunar, þ.e. úrskurður um fleiri leiki í bann en kveðið er á um í grein 13.1.2. tekur ávallt gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag eftir uppkvaðningu úrskurðar.

9.3. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KSÍ, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund sbr. gr. 5.2. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál, og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

10. gr.

Efni úrskurða

10.1. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærúmálum og eftir því sem við á í agamálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:

10.1.1. Hverjir séu aðilar máls.

10.1.2. Kröfugerð og málavaxtalýsing.

10.1.3. Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.

10.1.4. Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.

10.1.5. Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

10.1.6. Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

10.2. Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

11. gr.

Birting úrskurða

11.1. Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns knattspyrnudeildar/ráðs þess aðila, sem félagið hefur

tilkynnt KSÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

11.2. Úrskurður nefndarinnar, ásamt rökstuðningi, skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

IV. kafli.

VIÐURLÖG OG REFSINGAR

12. gr.

Viðurlög í kærumálum

12.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

12.1.1. Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.

12.1.2. Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).

12.1.3. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan knattspyrnuhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.

12.1.4. Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málgrundvöllinn tilefnislausan.

12.2. Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

12.2.1. Áminning

12.2.2. Ávítur

12.2.3. Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KSÍ, sem renna til KSÍ.

12.2.4. Ákveðið sektir á aðildarfélög KSÍ.

12.2.5. Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

13. gr.

Viðurlög við agabrotum

13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili í skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti b) Í bikarkeppni KSÍ
- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni telja ekki í aðalkeppni en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni telja ekki að loknum 8 liða úrslitum en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni.

13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- 4. brottvísun – sjálfkrafa bann í 4 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- o.s.frv.

b) Í bikarkeppni KSÍ

- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í bikarkeppni KSÍ
- 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í bikarkeppni KSÍ

- o.s.frv.

13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.

13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.

13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

13.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakkeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram. Viðurlög við brotum í innanhússknattspyrnu skal fara með skv. grein 13.10. og viðurlög varðandi keppni í 7 manna liðum skal fara með skv. grein 13.11.

13.3. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

13.4. Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Í þessu sambandi greinist 1. aldursflokkur í meistaraflokk, U23 og 1. flokk og aðrir aldursflokkar í a og b lið og skal fjalla um brot sérstaklega í hverju keppnisliði fyrir sig.

13.5. Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó 13.4.

13.6. Ef þjálfari eða forystumaður liðs sem er á leikskýrslu er áminntur af dómara eða vísað frá leikvelli, skal viðurlögum beitt eftir sömu reglum og gilda um leikmenn, þar sem þær eiga við.

13.7. Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómara hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

13.8. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

13.9. Til viðbótar fyrirnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:

13.9.1. Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 100.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.

13.9.2. Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. 2.500 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 1.250 fyrir leiki í öðrum flokkum.

13.9.3. Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að kr. 200.000.

13.9.4. Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða Nr. 2 Mars 2015 öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 100.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.

13.9.5. Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 20. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 100.000 en þó ekki lægri en kr. 50.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

13.9.6. Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

13.10. Refsingar takast út í innanhússmótum (sem leikin eru skv. reglugerð KSÍ um innanhússknattspyrnu) á þann hátt, að hafi leikmaður hlotið tvö gul spjöld í viðkomandi móti, skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og svo í sjálfkrafa eins leiks bann fyrir hver tvö gul spjöld

þar á eftir í mótinu. Fyrir brottrekstur skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og fyrir brottrekstur í annað sinn í mótinu skal hann fara sjálfkrafa í tveggja leikja bann o.s.frv. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða leikmanninn í frekara leikbann. Viðurlög skulu ekki flytjast á milli innanhússmóta. Viðurlög vegna leikja í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistaraþekkingu KSÍ verða ekki tekin út í innanhússmótum.

13.11 Áminningar og brottvísanir eru ekki skráðar á leikskýrslu í keppnum í 7 manna liðum og brottvísun gildir aðeins í viðkomandi leik og hefur ekki í för með sér frekara keppnisbann nema að um sé að ræða mjög alvarlegt atvik sem dómari skal þá gefa aga- og úrskurðarnefnd skýrslu um.

14.gr.

Leyfiskerfi KSÍ

14.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveður viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur hér í greininni.

14.2 Eftirfarandi refsíákvæði eiga við um Leyfiskerfi KSÍ:

14.2.1 Starfsnefndir og ráð.

Einstaklingar, sem eru í starfsnefndum eða ráðum sem tengjast leyfiskerfinu, eða hafa tekið að sér að vinna ákveðin verkefni fyrir leyfisstjórn og brjóta þann trúnað, sem þar er kveðið á um, skulu hljóta áminningu frá KSÍ og víkja úr öllu starfi, nefndum og ráðum sem tengjast leyfiskerfinu.

14.2.2 Tímamörk ekki uppfyllt.

Ef leyfisumsækjandi uppfyllir ekki sett tímamörk um framlagningu leyfisgagna skal hann sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita: - Viðvörðun og sekt; við fyrsta brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 2.500 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 50.000. - Áminning og sekt; við ítrekað brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 5.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr.100.000. - Stigatap; við alvarlegt og ítrekað brot er jafnframt heimilt að draga allt að 3 stig frá félaginu í deildarkeppninni.

Ítrekunarkvöð fellur niður ef tímamörk hafa verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.3 Röng leyfisgögn.

Félag, sem verður uppvíst að því að hafa vísitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi, skal sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:

-Viðvörðun og sekt, að upphæð allt að kr. 100.000. Nr. 2 Mars 2015 - Áminning og sekt, að upphæð allt að kr. 200.000.

- Stigatap; ef brotið telst alvarlegt og vísitandi er jafnframt heimilt að draga allt að 6 stig frá félaginu í deildarkeppninni.

- Afturköllun þátttökuleyfis; við mjög alvarlegt og ítrekað brot getur KSÍ afturkallað þátttökuleyfi félagsins í deildinni, og hefur þar með heimild til að vísa félaginu úr deildinni til loka keppnistímabilsins. Jafnframt getur félagið ekki tekið þátt í Evrópukeppni. Félag, sem hefur verið vísað úr deild til loka keppnistímabils, skal leika einni deild neðar að ári.

14.2.4 Forsendur sem leiða til viðurlaga ef þær eru ekki uppfylltar.

Ef forsenda er ekki uppfyllt, sem er skilgreind þannig að slíkt leiðir aðeins til viðurlaga, sbr. greinar 16.2 og 16.3 í Leyfisreglugerð KSÍ, skal taka mið af eftirfarandi viðurlögum:

- Fyrsta skipti, viðvörðun.

- Annað skipti, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 50.000.

- Eftir það, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 100.000. Ítrekunarkvöð fellur niður ef forsendan hefur verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.5 Frekari viðurlög.

Frekari viðurlög geta átt við í sérstökum tilfellum, eins og að skylda félag til að senda réttindalausán þjálfara á þjálfaranámskeið til að afla sér tilskilinna réttinda innan ákveðinna tímamarka, o.s.frv.

15. gr.

Óeðlileg áhrif á úrslit leiks

15.1. Hver sem tengist, eða rökstuddur grunur er um að tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum sbr. grein 15.3.

15.2. Í tilvikum þar sem leikmaður, forsvarsmaður félags, starfsmaður leiks eða félags tekur þátt í atferli í samræmi við grein 15.1. er heimilt að beita viðkomandi viðurlögum sbr. grein 15.3.

15.3. Viðurlög vegna brota í samræmi við greinar 15.1. og 15.2. skal ákvarðast á grundvelli alvarleika máls og felast í eftirfarandi:

- Leikbanni, tímabundnu eða ótímabundnu

- Tímabundnu eða ótímabundnu banni frá allri knattspyrnulegri starfsemi

- Í alvarlegum tilfellum skal útiloka viðkomandi frá allri þátttöku í knattspyrnu eða knattspyrnumálum ævilangt

-Í alvarlegum tilfellum er heimilt að draga eitt stig eða fleiri af aðildarfélagi í deildakeppni, fella um deild eða vísa félagi úr keppni.

16. gr.

Mismunun

16.1. Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt félags nema að lágmarki kr. 150.000.

16.2. Ef hópur (leikmanna og/eða forsvarsmanna liðs) frá sama félagi/liði brýtur samtímis gegn ákvæði greinar 16.1. skal viðkomandi félag/lið að auki missa þrjú stig í viðkomandi keppni við fyrsta brot en 6 stig við annað brot. Sé um ítrekuð brot að ræða er heimild til þess að fella lið um deild. Í tilvikum þar sem ekki er um stigakeppni að ræða (bikarkeppni/útsláttarkeppni) er heimilt að víkja viðkomandi liði úr keppni.

16.3. Ef stuðningsmenn liðs brjóta gegn ákvæði 16.1. á meðan á leik stendur skal viðkomandi félag sæta sekt að lágmarki kr. 150.000 án tillits til saknæmrar háttsemi eða yfirsjónar félagsins.

16.4. Ef um alvarleg brot áhorfenda er að ræða er heimild til aukinna viðurlaga s.s. að leikir séu leiknir án áhorfenda, leikur dæmdur tapaður eða hann ógiltur, frádrætti stiga í stigakeppni eða brottvísun úr móti/keppni.

16.5. Áhorfandi eða áhorfendur sem brjóta gegn ákvæði 16.1. skulu sæta a.m.k. tveggja ára leikvallabanni.

V. kafli.

ÁFRÝJUN

17. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

17.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.

17.2. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:

17.2.1. Úrskurði nefndarinnar um þriggja leikja bann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verður ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.

17.2.2. Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 50.000,-.

17.2.3. Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9.3. 17.2.4. Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli 13.9.4.

17.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

17.4. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum sjálfkrafa leikbönum skv. 13. grein sem leikmenn taka út þegar í stað.

17.5. Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KSÍ fer að öðru leyti eftir lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

18. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

18.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

19. gr.

Endanleg niðurstaða

19.1. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, ekki til almennra dómstóla.

VI. kafli.

ÝMIS ÁKVÆÐI

20. gr.

Fundargerðabók/úrskurðabók

20.1. Í fundargerðabók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðabók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, en skal að jafnaði ekki birt almenningi.

20.2. Nefndin skal einnig halda sérstaka úrskurðarbók, sem hefur að geyma úrskurði hennar. Úrskurðarbók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KSÍ.

21. gr.

Ósæmileg framkoma

21.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

21.2. Framkvæmdastjóri KSÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærsmål sé að ræða, eins og við getur átt.

22. gr.

Lyfjaeftirlit

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

23. gr.

Niðurfelling refsingar

Knattspyrnuþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

24. gr.

Önnur ákvæði

24.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.

24.2. Agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code) eru ákvæðum þessarar reglugerðar til fyllingar, eftir því sem við á.

25. gr.

Gildistaka

25.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi 25. apríl 2016. Við gildistöku hennar fellur eldri reglugerð úr gildi.

Samantekt

Reglugerðin kemur til móts við þau sjónarmið sem fram komu í tillögum sem lögð voru fyrir ársþing KSÍ árið 2014 og 2016. Í þeim tillögum var m.a. lagt til að opnað væri á frekari möguleika á munnlegum málflutningi alvarlegri agabrota (leikbann umfram tvo leiki) og hert á kröfum um rökstuðning í úrskurðum. Tillögurnar gerðu einnig ráð fyrir sambærilegum breytingum á reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ. Eftirfarandi er samantekt yfir breytingarnar.

Í fyrsta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir því, með nýrri grein 6.2.1., að þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun, sem leitt getur til þyngingar samkvæmt starfsreglum aga- og úrskurðarnefndar, mun það félag sem í hlut á fá senda skýrslu dómarsins um brottvísunina. Það sama mun eiga við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.

Í öðru lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að grein 7.1. tilgreini hver varnaraðili í kærumáli hjá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ geti verið. Í ákvæðinu segi að varnaraðili geti verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3. Þá er bætt við ákvæðið að mál vegna greina 13.1.4 og 13.1.5, 14.2.3, 15 og 16 skv. reglugerðinni skuli fara með sem kærumál og skuli þau fá flýtimeðferð þegar við á. Meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd mun ekki fresta lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

Í þriðja lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir því að verði brot við grein 13.1.4., (leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu) eða grein 13.1.5. (heimild til að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða) þá geta aðilar agamáls krafist þess að málsmeðferð skuli fara eftir reglum um kærumál. Í slíkum tilvikum munu aðilar samtímis geta óskað eftir að koma að munnlegum athugasemdum við aga- og úrskurðarnefnd, og er nefndinni skylt að verða við því.

Í fjórða lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skuli vera birtir ásamt rökstuðningi (grein 11.2.).

Í fimmta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir því (grein 14.2.3.) að verði félag uppvíst að því að hafa vísitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi skuli félagið sæta viðurlögum.

Í sjötta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að mál sem varða röng leyfisgögn (grein 14.2.3), óeðlileg áhrif á úrslit leiks (grein 14) og mismunun (grein 16) skuli meðhöndluð sem kærumál, þar sem munnlegur málflutningur er heimilaður og sæta flýtimeðferð þegar við á. Tekið er fram í þessu efni að meðferð málsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd eða áfrýjun fresti ekki sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

Í sjöunda lagi gera reglugerðarbreytingar ráð fyrir að heimilt verði að áfrýja leikbanni sem nemur a.m.k. tveimur leikjum umfram sjálfkrafa leikbann vegna brottvísunar.

Í áttunda lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 3.1 komi fram að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurði í öllum agamálum KSÍ og sé jafnframt fyrsta dómstig í öllum kær- og ágreiningsmálum.

Í níunda lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 17.2.1 segi nánar til um hvers konar agamálum getur verið áfrýjað til áfrýjunadómstóls KSÍ.

Í tíunda lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 17.2.2. segi að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,- geti verið skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ. Áður kvað á um kr. 25.000,- í þessu samhengi.

Í ellefta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 17.3. segi að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ eru 3 dagar, í stað 5, frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Í tólfta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 17.4. komi fram að áfrýjun mála fresti réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum sjálfkrafa leikbönum skv. 13. grein sem leikmenn taka út þegar í stað.

Í þrettánda lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir að í grein 18.1. segi að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

Í fjórtánda lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir fáeinum breytingum á orðalagi og uppsetningu ákvæða. Í grein 3.3. segi að nefndin geti beitt viðurlögum vegna brota gegn lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ eða öðrum reglum. Einnig eru milliliðir nú taldir upp í ákvæðinu í stað umboðsmanna. Grein 5.1. skiptir nú málsmeðferðarreglum vegna meintra brota á lögum og reglugerð KSÍ í a) agamál og b) kærumál. Í grein 14.1. segi að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveði viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn. Í grein 17.5. kemur fram það sem áður kom fram í grein 17.4.

Með framangreindum breytingum, sem liggja fyrir, verður reglugerðin rýmri en núgildandi reglugerð og kemur því til móts við þá tillögu sem lögð var fram á ársþinginu 2015. Hafa ber þó í huga að með rýmri reglum er ekki tryggt að leikbönum í einstökum tilvikum verði samfelld ef dagskrá leikja er þétt og mál tekur lengri tíma með áfrýjun.

Reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ

Á fundi sínum 10. mars samþykkti stjórn KSÍ ýmsar breytingar á reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ. Ný reglugerð með áunnum breytingum var samþykkt í heild sinni og er svohljóðandi:

REGLUGERÐ KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ

I. kafli.

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 37. grein laga Knattspyrnusambands Íslands. Hún gildir um öll áfrýjunarmál innan vébanda KSÍ.

2. gr.

Markmið

2.1. Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um áfrýjunardómstól KSÍ með hliðsjón af lögum KSÍ samþykktum á knattspyrnuþingi 2007, sem fela í sér breytingar á dómstólaskipan KSÍ.

3. gr.

Lögsaga og hlutverk

3.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málum, sem heimilt er að áfrýja og koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Skal áfrýjunardómstóll KSÍ byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ.

3.2. Áfrýjunardómstóllinn tekur mál til endurskoðunar eftir áfrýjun þess og getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KSÍ, reglugerð þessari og öðrum reglugerðum KSÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, milliliðum og öðrum þeim,

sem eru innan vébanda aðildarfélaganna Knattspyrnusambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum.

3.3. Áfrýjunardómstóll KSÍ er æðsti dómstóll innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

3.4. Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík og skal KSÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4.gr.

Skipan og hæfi

4.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.

4.2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og dómstóllinn kýs sér forseta.

4.3. Dómstóllinn starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrjú dómarar fara með mál og ákveður dómsformaður hverjir af hinum reglulegu dómurum fara með málið.

4.4. Dómari er vanhæfur að fara með mál ef:

4.4.1. Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.

4.4.2. Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.

4.4.3. Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.

4.4.4. Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

4.4.5. Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í 4.4.4.

4.4.6. Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í 4.4.4.

4.4.7. Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

4.5. Stjórn KSÍ skal skipa dómara í áfrýjunardómstólinn til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

II. kafli.

ÁFRÝJUN

5. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

5.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.

5.2. Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:

5.2.1. Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um þriggja leikja leikbann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verður ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.

5.2.2. Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 50.000.

5.2.3. Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

5.2.4. Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli greinar 13.9.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

5.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

6. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort

kæruatriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafnar kæruatriðum áfrýjanda er málinu þar með endanlega lokið.

7. gr.

Endanleg niðurstaða

Dómur áfrýjunardómstóls KSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim dómi ekki skotið til annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar, sbr. þó grein 6.1. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi sem dæmt hefur verið um af áfrýjunardómstól KSÍ ekki til almennra dómstóla.

III. kafli.

MÁLMEÐFERÐARREGLUR

8. gr.

Almennar málsmeðferðarreglur

8.1. Sá aðili sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstóli KSÍ sérstakt áfrýjunarskjal þar sem um er að ræða greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

8.2. Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólnum. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram. Dómstólnum er þó heimilt að víkja frá þessum ákvæðum þegar sérstaklega stendur á.

8.3. Málsmeðferðarreglur sem fram koma í II. kafli í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skulu gilda um áfrýjunardómstól KSÍ eftir því sem við á.

IV. kafli.

DÓMAR ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS KSÍ

9. gr.

Uppkvaðning dóma og gildistaka

9.1. Dómur dómstólsins skal kveðinn upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til dóms og leitast skal við að kveða upp dóm innan viku frá dómstöku málsins.

10. gr.

Efni dóma

10.1. Dómar skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:

10.1.1. Hverjir séu aðilar máls.

10.1.2. Kröfugerð og málavaxtalýsing.

10.1.3. Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.

10.1.4. Rökstuðningur og niðurstaða dómstólsins.

10.1.5. Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

10.2. Dómur skal undirritaður af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef dómara er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

11. gr.

Birting dóma

11.1. Dómstóllinn sendir málsaðilum staðfest endurrit dóms jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns knattspyrnudeildar/ráðs, þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða áfrýjanda sem getið er í áfrýjunarskjali Nr. 1 Maí 2009 4 og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

11.2. Dómur skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ eftir að hann hefur verið birtur aðilum málsins.

VI. kafli.

ÝMIS ÁKVÆÐI.

12. gr.

Þingbækur/dómabækur

12.1. Við áfrýjunardómstóllinn skulu haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um

rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.

12.2. Dómstóllinn skal einnig halda sérstaka dómabók, sem hefur að geyma dóma hans og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KSÍ.

13. gr.

Niðurfelling refsingar

Knattspyrnuþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi 25. apríl 2016. Við gildistöku hennar fellur eldri reglugerð úr gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 10. mars 2016

Samantekt

Í fyrsta lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir því að í grein 3.2. séu milliliðir taldir upp í stað umboðsmanna.

Í öðru lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir (grein 5.2.1.) að leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verði ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þurfi þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis verði heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.

Í þriðja lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir (grein 5.2.2.) að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,- geti verið skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ. Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir að viðmiðunarupphæðin sé kr. 25.000,- í þessu samhengi.

Í fjórða lagi gera reglugerðarbreytingarnar ráð fyrir því (grein 5.3) að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ verði 3 dagar, í stað 5, frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Í fimmta lagi gera reglugerðarbreytingar ráð fyrir því (grein 6) að heimilt verði að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Í núgildandi ákvæði segir að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.



Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.